



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Metanbilar verði aftur teknir á lista yfir visthæfa bíla (US200073).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. apríl sl., var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Með nýjum reglum sem tóku gildi 1. janúar 2020 voru metanbilar teknir af lista vistvænna bíla og geta ökumenn ekki lagt gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld stæði. Þetta er bagalegt og ekki til þess fallið að hvetja til orkuskipta. Það eru því engar ívilnanir frá borginni fyrir eigendur metanbíla lengur. Rök formanns skipulagsráðs voru að ekki væri hægt að tryggja að eigendur metanbíla aki á vistvæna orkugjafanum þegar þeir koma í bæinn og leggja í gjaldskyld stæði. Með þessum orðum er verið að gera lítið úr eignum metanbíla. Það blasir við að sá sem kaupir sér metanbíl noti einungis bensín sem varaafli. Flokki fólksins finnst mikilvægt að allt sé gert til að flýta orkuskiptum og því fleiri sem sjái hag í að kaupa metanbíl því betra. Offramboð er á metani sem brennt er á báli í stórum stíl á söfnunarstað því Sorpu hefur mistekist að koma því á markað. Metan ætti að gefa eða selja á kostnaðarverði. Allt er betra en að sóa því. Væri metan selt á kostnaðarverði mundi hópur metanbíleigenda stækka hratt. Flokkur fólksins vill með þessari tillögu leggja áherslu á mikilvægi orkuskipta. Það voru regin mistök að fjarlægja metanbíla af þessum lista.

Skipulags- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2019, tillögu samgöngustjóra um breytingu á reglum um bílastæði fyrir visthæfar bifreiðar í Reykjavík, mál ráðsins nr. US190346. Málinu var í kjölfarið vísað til borgarráðs sem samþykkti einnig tillöguna á fundi sínum þann 7. nóvember sama ár, mál borgarráðs nr. R19110017.

Svo sem fram kemur í skýrslu Paralell ráðgjafar, sem fylgdi með tillögunni, hefur hlutfall hreinorkubíla, sérstaklega rafmagnsbíla, vaxið ört á undanförunum árum hér á landi. Hreinorkubílar virðast því vera orðinn bæði raunhæfur og vinsæll kostur fyrir marga ökumenn. Við endurskoðun reglanna var farin sú leið að fella út heimild blendingsbíla (hybrid) til að leggja gjaldfrjálst í 90 mínútur. Samkvæmt heimildum skrifstofunnar geta nær allir metanbílar á landinu gengið bæði fyrir metani og bensíni og fá því ekki lengur

gjaldfrjálsar 90 mínútur frekar en aðrir blendingsbílar.

Að mati undirritaðs er ekki ástæða til að víkja frá fyrri tillögu, sem samþykkt var í ráðinu, um að ívilnanir verði takmarkaðar við hreinorkubíla, enda eru forsendur að baki tillögunni enn óbreyttar.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri